

## Aung San Suu Kyi og baráttan fyrir lýðræði í Búrma

**Bókarhöfundur:** Jakob F. Ásgeirsson

**Bókarheiti:** Aung San Suu Kyi og baráttan fyrir lýðræði í Búrma

**Gagnrýnandi:** Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

**Útgáfa:** Uglya, Reykjavík 2009, 168 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** *"Bókin er stutt og er sem slík auðlesin innsýn í viðfangsefni sitt. Þrátt fyrir ákveðna galla í framsetningu og stíl er vonandi að sem flestir lesi þessa bók og haldi svo áfram að afla sér upplýsinga um það ófremdarástand sem ekki sér fyrir endann á í Búrma. Aðgerðarleysi alþjóðasamfélagsins gagnvart búrmönsku þjóðinni segir allt sem segja þarf um þá hræsni sem mannfólkið leyfir sér í athöfnum sínum og ákvarðanatöku."*

### HOLDGERVINGUR SIÐFERÐISSTYRKS SEM VIÐ VILDUM ÖLL BÚA YFIR

Aung San Suu Kyi hefur verið í stofufangelsi í heimalandi sínu meira og minna frá 1989. Hún er dóttir lýðræðishetjunnar Aung San og trú uppruna sínum er hún lýðræðishetja á eigin forsendum. Í því hlutverki hefur hún borið þungar byrðar. Á sama tíma er hún holdgerving þess siðferðisstyrks og hugprýði sem við viljum öll búa yfir – en efumst í raun um að við ættum til er á hólminn væri komið.

Aung San Suu Kyi hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991, ári eftir að lýðræðishreyfing hennar vann afgerandi sigur í einu kosningunum sem haldnar hafa verið í landinu. Síðan þá hefur hún verið meira og minna í stofufangelsi sem sér engan veginn fyrir endann á og tekist á við óskiljanlegar andlegar raunir vegna þess; hún hefur verið einangruð frá samneyti við aðrar manneskjur; hún gaf upp á bátinn alla von um fjölskyldulíf; og hún upplifði dauða eiginmanns síns í fjarlægð, án þess að honum væri gefinn kostur á að hitta konu sína í hinsta sinn.

Í Búrma hefur herstjórn verið við völd síðan 1961, stjórn sem hefur leitt yfir hina búrmönsku þjóð ólýsanlegar hörmungar. Íbúar Búrma eru fátækir, kúgaðir, hnepptir í þrældóm og einangraðir frá umheiminum. Bent hefur verið á að búrmönsku herstjórninni hefur tekist það sem fáum þjóðum tekst nú á tímum vaxandi hnattrænna samskipta: að tryggja fullveldi sitt og einangrun. Þannig berast fáar fréttir frá landinu, en um leið virðist fjölþjóðasamfélaginu ekki takast að hafa áhrif á þá ógnarstjórn sem þar ríkir. Kannski er áhuginn ekki nógu mikill.

Á tíðum virðast þeir alltof fáir sem þekkja til sögu Aung San Suu Kyi, eða sem láta sig þjáningar búrmönsku þjóðarinnar varða. Tímabundið hafa augu heimsins beinst að þeirri undirokuðu þjóð sem í Búrma býr, en lengstum hafa ráðamenn þar farið sínu fram, með stuðningi ýmissa stórfyrirtækja sem sjá sér hag í að nýta auðlindir landsins, þrældóm réttláuss fólks og hagstæða landfræðilega legu. Nægir þar að vísa til samvinnu Unocal og herstjórnarinnar vegna leiðslulagnar gegnum landið á tíunda áratug síðustu aldar (sjá m.a. á <http://www.business-humanrights.org>). Það er því þjóðþrífaverk að kynna Aung San Suu Kyi og Búrma fyrir íslenskum lesendum.

Bókin er stutt og er sem slík auðlesin innsýn í viðfangsefni sitt. Hún nær þó ekki þeim áfanga að verða hugvekja um það ófremdarástand sem umheimurinn líður að viðgangist í Búrma. Efnistökin bókunnar eru slitrótt og sundurlaus og hún gefur þannig hvorki heildstæða mynd af baráttunni fyrir lýðræði í Búrma – né af meginviðfangsefni sínu, Aung San Suu Kyi. Hlaupið er milli efnispátta án þess að samhengið sé skýrt, og ennfremur koma fyrir persónulegar minningar höfundar, án þess þó að skýrt sé hvaða tilgangi það þjónar. Stíll ritsins auðveldar þar að auki ekki lesturinn, er frekar óþjál og ekki til þess fallinn að fanga lesandann. Því miður skapast ekki sú nánd milli lesanda og viðfangsefnis sem gæti hvatt til frekari upplýsingaöflunar, vakið forvitni um það og kallað á viðbrögð.

Höfundur tiltekur í lok bókunnar að hann hafi ekki viljað vitna í heimildir með heimildaskrá eða skipulegum tilvitnunum. Sú ákvörðun er umdeilanleg. Heimildaskráning og tilvísanir hefðu styrkt efnistökin og hjálpað bókinni til þess að verða leiðarvísir fyrir þá sem vilja afla sér frekari heimilda um Aung San Suu Kyi, auk þess sem að skapast hefði mikilvægt traust milli lesanda og höfundar. Ekki er heldur getið um heimildir vegna myndbirtinga í bókinni.

Að þessu sögðu skal þó áréttað að höfundur tæpir á meginþáttum í þeirri sögu sem hann er að segja – og engin ástæða er til að efast um að hann fari rétt með staðreyndir. Í lauslegum samanburði við hið ágæta rit „Perfect Hostage“ eftir Justin Wintle fundust t.a.m. engin dæmi þess. Höfundur tekur

jafnframt ótvíræða afstöðu með búrmönsku þjóðinni, afstöðu sem Íslendingar geta vonandi tekið undir. Ýmsar frásagnir varpa þar að auki forvitnilegu ljósi á ýmsa atburði: nefna má að í eina skiptið sem getið er heimilda í neðanmálstexta (bls. 49) vísar höfundur í forvitnilega sögu íslenskra tilvonandi útrásarfiskveiðispekúlanta til Búrma – þörf áminning um að allra þjóða kvikindi eru tilbúin að líta framhjá mannréttindabrotum í von um að gera góðan bissness.

Þrátt fyrir ákveðna galla í framsetningu og stíl er vonandi að sem flestir lesi þessa bók og haldi svo áfram að afla sér upplýsinga um það ófremdarástand sem ekki sér fyrir endann á í Búrma. Aðgerðarleysi alþjóðasamfélagsins gagnvart búrmönsku þjóðinni segir allt sem segja þarf um þá hræsni sem mannfólkið leyfir sér í athöfnum sínum og ákvarðanatöku.